

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2018, mánudaginn 8. febrúar, var haldinn 162. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl 11.31. Viðstödd voru: Sverrir Bollason (S), Teitur Atlason (S), Marta Guðjónsdóttir (D) og Raket Dögg Óskarsdóttir (B) áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Magdalena Kjartansdóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á kynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi markmið um göngugötur í miðborginni.
2. Fram fer umræða um hundahald í Vesturbæ.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hverfisráð Vesturbæjar óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum sem sendar verða til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: 1. Hvað eru margir hundar skráðir í hverju 10 hverfa borgarinnar, þ.m.t. Vesturbær? 2. Hvað mætti ætla að fjöldi óskráðra hunda í Vesturbænum séu margir?

Vísað til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

- Kl. 11.37 tekur Eldar Ástþórsson sæti á fundinum.
 - Kl. 11.41 tekur Börkur Gunnarsson sæti á fundinum.
3. Lögð fram umsögn hverfisráðs um úthlutunarreglur hverfissjóðs. Samþykkt.
 4. Fram fer umræða um umsögn á lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Samþykkt.
 5. Lagðar fram svohljóðandi fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokks.
 1. Hversu margir formenn hverfisráða í Reykjavík búa í því hverfi sem þeir gegna formennsku fyrir?
 2. Hversu margir fulltrúar í hverfisráðum búa í þeim hverfum sem þeir eru fulltrúar fyrir?
 3. Óskað er eftir yfirliti yfir tillögur, bókanir og fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í hverfisráði Vesturbæjar frá upphafi þessa kjörtímabils til dagsins í dag. Jafnframt er óskað eftir að fram komi í yfirlitinu hvaða meðferð viðkomandi tillögur hlutu, þ.e. hvort þær voru samþykktar felldar eða vísað eitthvað.

Vísað til skrifstofu borgarstjórnar.

Fundi slitið kl. 12.11

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Eldar Ástþórsson

Marta Guðjónsdóttir
Börkur Gunnarsson